

## S A M Þ Y K K T

### fyrir Vatnsveitufélag Borgarhafnar í Borgarhafnarhreppi Austur-Skaftafellssýslu.

#### 1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Borgarhafnar. Heimili þess og varnarþing er í Borgarhafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

#### 2. gr.

Tilgangur þess er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

#### 3. gr.

Stofnendur félagsins eru 4. Einn ábúandi frá hverri jörð: Suðurrúsum, Neðri-bæ, Lækjarhúsum og Gamla-Garði í Borgarhöfn, Borgarhafnarhreppi.

Hver stofnandi greiðir stofngjald 6000.00 — sex þúsund krónur — og telst hann ekki fullgildur félagsmaður fyrr en það gjald er greitt.

Allt vatn til nota í íbúðarhús og útihús á hverri jörð teljast undir sama stofngjald.

Félagsskylda samkvæmt fyrstu málsgrein þessarar greinar er því skilyrði háð að ábúanda séu látin í té afnot af vatni því er félagið hefur til umráða.

#### 4. gr.

Ábúendur annarra býla, svo og væntanlegra nýrra býla á félagssvæðinu má taka í félagið með samþykki lögsmæts aðalfundar.

Nýr félagsmaður skal kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega hans vegna til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

#### 5. gr.

Stofnkostnaður af upphaflegri aðalleiðslu vatnsveitunnar skal að jöfnum hlutum greiða fyrir hvert býli á félagssvæðinu.

Skal hann greiddur af stofngjöldum félagsmanna og styrk, sem veittur kynni að verða til vatnsveitunnar.

Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins, umfram gjöld þau, er honum ber að greiða.

#### 6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef tveir félagar krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

#### 7. gr.

Félagsfundur er lögsmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til hans boðað.

Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt bréflega eða persónulega með 5 daga fyrirvara og hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

#### 8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert.

Boðað verði til hans með viku fyrirvara, bréflega eða persónulega.

Aðalfundur er lögsmætur, ef  $\frac{2}{3}$  félagsmanna mæta, verði hann ekki lögsmætur,

er boðað er til hans í fyrsta sinn, skal boða hann aftur og er hann þá lögmætur hver sem fundarsókn er.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram reikningar þess og kosnir 3 menn í stjórn félagsins og 2 endurskoðendur til eins árs í senn.

Liggi önnur mál fyrir aðalfundinum en venjuleg aðalfundarstörf ber að geta þess í fundarboði.

#### 9. gr.

Stjórn félagsins skipti með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu vera ólaunuð.

Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir. Færa skal gerðabók stjórnarfundar og ritari les fundargerð í lok hvers fundar.

Hann undirritar hana ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt af fundarmönnum.

#### 10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og aðalleiðslu.

Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

#### 11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Borgarhafnar í Borgarhafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu, staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 11. marz 1967.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## S A M Þ Y K K T

**fyrir Vatnsveitufélagið Lind í Aðaldælahreppi,  
Suður-Þingeyjarsýslu.**

#### 1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélagið Lind. Heimili þess og varnarþing er í Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

#### 2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

#### 3. gr.

Stofnendur félagsins eru 5. Einn ábúandi frá hverri jarðanna Lækjarhvammi, Yztahvammi, Reynisstað og Miðhvammi, Hrauni I og Hrauni II.